

Svar

forsætisráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur um óbyggðanefnd.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver er heildarkostnaður af störfum óbyggðanefndar frá upphafi, sundurliðað eftir ári og einstökum liðum?

Heildarkostnaður af störfum óbyggðanefndar á tímabilinu 1999–2004 var 281.612 þús.kr. Meðfylgjandi tafla sýnir hvernig kostnaður skiptist í rekstur skrifstofu og kostnað við úrskurði nefndarinnar, sundurliðað eftir árum.

	Kostnaður skrifstofu	Kostnaður við úrskurði	Samtals
1999	16.787	1.555	18.342
2000	22.554	6.239	28.793
2001	27.637	13.228	40.865
2002	35.045	19.881	54.926
2003	36.889	25.965	62.854
2004	45.328	30.504	75.832
	184.240	97.372	281.612